

- leysa hana af hendi eða veita nauðsynlega aðstoð, og ber þá að greiða héraðsdýralækni kostnað þann, er hann hefur af útvegum aðstoðarinnar.
2. Fyrir endurteknað aðgerðir eða rannsóknir á sama sjúklingi komi hálf t. gjald, nema annað sé sérstaklega tilgreint.
  3. Nú eru tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt gjald fyrir eina aðgerðina (þá sem hæst er metin), en hálf t. gjald fyrir hinar.
  4. Nú þykir héraðsdýralækni eða heilbrigðisstjórn vegna smithættu ástæða til þess að rannsaka fleiri gripi á sama heimili eða í nágrenni þess og gera varúðarráðstafanir til að hindra útbreiðslu næmra sjúkdóma. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir taka greiðslu fyrir störf sín af opinberu fé, samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár.
  5. Ef dýralæknir þarf að annast heilbrigðisskoðun á kjöti, ber sláturhúsi því, er hann annast kjötskoðun fyrir, að sjá honum fyrir fæði og greiðum farkosti eða greiða dýralæknum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur. Sláturhús skal sjá dýralækni fyrir hæfilegri aðstoð við merkingu kjötsins, ef þess er óskað.
  6. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá heimili hans, sem unnt er. Ef dýralæknir leggur sér til farkost sjálfur, ber þeim aðila eða aðilum, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað, þ.m.t. akstur á eigin bifreið, enda haldi þeir akstursdagbók skv. reglum ferðakostnaðarnefndar. Á ferðum ber dýralækni að fá ókeypis fæði og gistingu eða greiðslu fyrir það, svo og annan útlagðan kostnað, t.d. símakostnað.
  7. Þegar dýralæknir ferðast í þágu hins opinbera, ber honum að fá greiddan fæðis- og ferðakostnað, samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar, skv. akstursbók sbr. 6. tl.
  8. Vitjunum er berast fyrir kl. 14.00 virka daga, skal sinnt í dagvinnu. Á aðrar vitjanir skal reiknað 60% álag, enda sé ekki gerlegt að sinna þeim innan reglulegra dagvinnumarka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 77, 1. október 1981 um dýralækna og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 429. janúar 1990.

*Landbúnaðarráðuneytið, 25. apríl 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUR

### um netaveiði göngusilungs í sjó.

1. Reglur þessar varða eingöngu lagnetaveiðar á silungi í sjó.
2. Lagnet skal vera landfast, liggja þvert á fjöru og eigi vera lengra en 50 metrar, frá stórstraumsfjöruborði, að stjóra sjávarmegin.
3. Óheimilt er að mynda fyrirstöðu eða gildri með staurum, grjóti eða öðrum föstum búnaði, en heimilt er að fergja blýlínu svo net veiði við botn, enda séu endar netsins vel merktir með baujum.
4. Lagnet skal eigi vera smáriðnara en svo að 3,5 cm séu milli hnúta (7,0 cm riðill) þá net eru vot. Netið skal hins vegar eigi vera stórriðnaða en svo að 4,5 cm (leyfilegt frávik + 0,2 cm) séu milli hnúta (9,0 cm riðill) og notað sé einfalt girni, sem fari ekki yfir 0,4 mm að þykkt.

5. Bil milli lagneta í sjó skal vera minnst 100 m eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds sem net liggur.
6. Net, sem ætlað er til veiða á göngusilungi, skal merkt með bauju ásamt nafni ábúanda og lögbýlis sem hefur umræddan veiðirétt.
7. Ef maður veiðir fyrir landi annars aðila skal hann framvísa leyfi landeiganda til veiðanna og merkja netið með nafni og heimilisfangi.
8. Að öðru leyti gilda reglur um friðun og veiðar göngusilungs í ósöltu vatni í samræmi við IV. kafla laga nr. 76/1970.
9. Um brot á ákvæðum reglna þessara fer samkvæmt j-lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.
10. Reglur þessar, sem settar eru í samræmi við 1. mgr. 11. gr., 4. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungaveiði, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um sama efni nr. 378 2. ágúst 1989.

*Landbúnaðarráðuneytið, 4. maí 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

### um bann við tog- og dragnótaveiðum við Vestmannaeyjar.

#### 1. gr.

Frá og með 26. maí 1989 eru allar togveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæði er markast af línnum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                          |                             |
|--------------------------|-----------------------------|
| 1. Stórhöfði             | 4. 63° 35' 40 N – 20° 34' V |
| 2. 63° 24' N – 20° 32' V | 5. 63° 30' N – 20° 14' 30 V |
| 3. Þríþrangar            | 6. Dalfjall                 |

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. maí 1990.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*